

Ed.

490. Frumvarp

til laga um Jöfnunarsjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Pegar tekjur rikissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögbundnum og óhjákvæmilegum útgjöldum, skal leggja það, sem afgangs er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má ekki veita lán úr honum.

2. gr.

Verði tekjuhalli á rekstrarreikningi rikissjóðs meiri en svo, að hægt sé að greiða hann úr sjóði frá fyrra ári, skal hann greiddur úr Jöfnunarsjóði, ef fé hans hrekkur til.

3. gr.

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur rikissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

4. gr.

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum rikissjóðs.

5. gr.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Nefndin hefir haft til meðferðar frv. á þskj. 147 um Jöfnunarsjóð rikisins, samhljóða frv., er flutt var í Nd. á síðasta þingi. Við meðferðina gerbreyttist það frv. að efni, og fyrirsögnin breyttist einnig, svo að í rauninni varð úr því nýtt frv. Hefir nefndin orðið sammála um að flytja nú þetta frv. óbreytt eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd. á sumarþinginu 1931, og vísað um ástæður til umræðna þeirra, er fram fóru um málið á því þingi.